

Nd.

505. Nefndarálit

[121. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjóðmanna og undirmanna á farskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og sendi það til umsagnar stjórn sjóðsins, sem mælir með samþykkt frv., ef ákvæði þess verði færð í heimildarform fyrir stjórn sjóðsins, svo að möguleiki gefist á samræmdri framkvæmd. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. með þessari breytingu og sömuleiðis þeirri, er tryggingafræðingur sjóðsins mælir með varðandi áhafnir togara, taki þeir upp aðrar veiðar um skamman tíma en togveiðar.

Álit Guðjóns Hansens tryggingafræðings fylgir með nál. þessu sem fylgiskjal. Breytingartillagan er fram borin á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. apríl 1967.

Birgir Finnsson,
form.

Sverrir Júlíusson,
frsm.

Pétur Sigurðsson,
fundaskr.

Ingvar Gíslason.

Guðl. Gíslason.
Jón Skaftason.

Lúðvík Jósefsson.

Fylgiskjal.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Reykjavík, 17. marz 1967.

Stjórn Lífeyrissjóðs togarasjóðmanna og undirmanna á farskipum, Reykjavík.

Með bréfi, dags. 20. febrúar s. l., sendi sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis Lífeyrissjóði togarasjóðmanna og undirmanna á farskipum til umsagnar frumvarp Péturs Sigurðssonar til laga um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962. Enn fremur óskar nefndin eftir álit sjóðstjórnar á eftirtöldum atriðum:

1. hvort hún sjái sér fært að mæla með endurgreiðslu til útgerðar togara á framlagi hennar, ef skipverji hefur fengið sinn hlut, þ. e. 4%, endurgreiddan,
2. að öðrum fiskimönnum en togarasjóðmönnum verði heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum,
3. hvort hún geti mælt með breytingu þess efnis, að ef togari fari til sildveiða, verði áhöfn heimilt (og útgerð) að greiða til lífeyrissjóðsins af tekjum sambærilegum togaratekjum eða fastri upphæð, t. d. kauptryggingu.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur óskað eftir álitgerð frá undirrituðum um ofangreind atriði, og fer hún hér á eftir.

A. Um frumvarpið.

Efnislega er frumvarpið tvíþætt, annars vegar er gert ráð fyrir, að fáeinum starfsmönnum stéttarféлага verði veitt aðild að sjóðnum, en hins vegar, að með tilteknum skilyrðum haldi sjóðfélagar rétti sínum til tryggingar um tímabil, sem hingað til hafa fallið úr. Óskir um rýmkun núgildandi ákvæða að þessu leyti hljóta að teljast eðlilegar, en hins vegar getur verið erfitt fyrir fram að gera sér grein fyrir þeim tilvikum, sem fyrir kunna að koma. Teldi ég því heppilegra, að ákvæðum frumvarpsins yrði breytt í heimildarákvæði fyrir stjórn sjóðsins, er síðan gæti

myndað sér reglur, er miðuðu að því að taka réttmætt tillit til óska sjómanna, útgerðarmanna og sjómannafélaga í þessu efni og væru jafnframt auðveldar í framkvæmd.

B. Um önnur atriði.

1. Endurgreiðsla til útgerðar við úrgöngu skipverja úr sjóðnum.

Ég hef ekki handbær gögn nefndar þeirrar, er samdi frumvarp til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna, sem samþykkt var á Alþingi árið 1958, en víst er, að hagnaður af úrgöngu úr sjóðnum var áætlaður sem verulegur tekjuliður, þar eð iðgjöld vinnuveitenda mundu sitja eftir í sjóðnum. Því fer yfirleitt fjarri, að islenskir lífeyrissjóðir séu með 10% iðgjöldum færir um að standa við skuldbindingar sínar án þessa tekjulíðs. Hitt er ljóst, að úrganga hefur orðið sjóðnum stórum drýgri tekjulind en gert mun hafa verið ráð fyrir.

Í fyrirspurn sjávarútvegsnefndar er eingöngu minnzt á endurgreiðslu til útgerðar togara, en ekki til annarra vinnuveitenda. Sennilegt er líka, að sjóðurinn hafi haft mun meiri hagnað af úrgöngu togarasjómanna en annarra sjóðfélaga. Hefði verið eðlilegt með tilliti til hugsanlegrar lækkunar iðgjalda samkvæmt 9. grein laganna, að útgerðarfyrirtæki togara hefðu krafizt athugunar á því atriði, áður en farmönnum var veittur aðgangur að sjóðnum árið 1962. Nú stendur fyrir dyrum tryggingafræðilegt uppgjör á sjóðnum, og gæti sjóðstjórn ákveðið að láta gera slíka athugun í sambandi við það.

Samkvæmt framansögðu kemur til greina, að stjórn sjóðsins fresti að taka afstöðu í máli því, er hér um ræðir, þar til tölulegar athuganir á hag sjóðsins og hagnaði af úrgöngu hafa átt sér stað, en auk þess skal bent á eftirtalin atriði:

- a. Athuga þarf hina lagalegu hlið málsins, þ. e. hvort fært er gagnvart núverandi sjóðfélögum að ráðstafa hluta af tekjum hans undanfarin ár.
- b. Bókun sú, sem átti sér stað á fundi sjóðstjórnar 15. febrúar 1966, þegar samþykkt var að láta fara fram tryggingafræðilegt uppgjör á sjóðnum, mun m. a. hafa verið gerð með það fyrir augum, að bætur úr sjóðnum yrðu hækkaðar með því að reikna með meðallaunum 5 ára eða styttri tíma í stað núgildandi 10 ára meðaltals. Er þá nauðsynlegt að gera sér ljóst, hvort unnt er samtímis að hækka bætur og draga úr tekjum sjóðsins.
- c. Unnið er nú að undirbúningi að stofnun lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn. Um væntanleg áhrif slíks sjóðs á starfsemi þeirra sjóða, sem fyrir eru, er ekki vitað, en ekki er ósennilegt, að mjög dragi úr framangreindri tekjulind eða jafnvel að hún hverfi úr sögunni, þar eð mönnum verði ekki heimilt að fyrirgera áunnum réttindum sínum með því að fá iðgjöld sín endurgreidd.

2. Heimild annarra fiskimanna en togarasjómanna til aðildar.

Ég tel, að þeir sjómenn og útgerðarmenn, sem nú greiða iðgjöld til sjóðsins, kynnu að vera andvígir frjálsri þátttöku fjölmennrar stéttar á þeim grundvelli, að slík þátttaka veikti fjárhagsgrundvöll sjóðsins (einkum má búast við mun minni hagnaði af úrgöngu, ef um frjálsa þátttöku er að ræða). Enn fremur mætti búast við, að í sjóðinn gengju fyrst og fremst þeir, sem sækjast eftir láni.

Ef um frjálsa þátttöku yrði að ræða, þyrfti vafalaust að setja ákvæði, er gerðu trygginguna sem auðveldasta í framkvæmd.

3. Sérákvæði um síldveiðar togara.

Ég tel skynsamlegt, að stjórn sjóðsins fái heimild til að ákveða iðgjald, er samsvari nokkurn veginn eðlilegum tekjum togarasjómanna, ef togari tekur upp um skamman tíma aðrar veiðar en togveiðar.

Virðingarfyllst,

Guðjón Hansen.